

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Hús atvinnulífsins, fundarherbergið Kjarni á 1. hæð

Dagsetning: 17. september 2019

Tími: 11:30 til 13:20

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Lilja Bjarnadóttir (LB), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA) og Sigríður Hrunn Pétursdóttir (SHP). Þá var framkvæmdastjóri félagsins, Hrafnhildur Hafsteinsdóttir (HH) viðstödd fundinn.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - mælaborð og rekstraráætlun
 - markaðsmál
 - viðburðir og vetrarstarf
 - innheimta félagsgjalda
3. Rekstraráætlun
4. Stefnumótunarfundur
5. Erindi frá Guðrúnu Ragnarsdóttur og Rakel Sveinsdóttur
6. Styrktarsamningar
7. Ráðning framkvæmdastjóra

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SHP.

1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

HH fór yfir mælaborð framkvæmdastjóra.

- mælaborð og rekstraráætlun
- markaðsmál
- viðburðir og vetrarstarf
- innheimta félagsgjalda

Innheimta á félagsghöldum gengur vel. Ákveðið hefur verið að ganga til samninga við Ritara.is um innheimtu á þeim félagsgjöldum sem verða óinnheimt eftir næstu mánaðarmót.

3. Rekstraráætlun

Farið var yfir rekstraráætlun FKA 2019. Útgjöld eru í góðu samræmi við áætlun og vel hefur gengið að samræma bókhaldslyka við áætlun sem auðveldar alla eftirfylgni við fjárhagsáætlun.

4. Stefnumótunarfundur

Farið var yfir fyrirkomulag stefnumótunarfunds FKA. Spurningarlistinn fyrir fundinn hefur verið unnin af félagskonum sameiginlega á milli stjórnarfundu og telur stjórn hann tilbúinn til útsendingar. Ákveðið að könnunin verði send út 19. september nk. samhliða kynningu á tilgangi og efni stefnumótunardagsins. Fundurinn verður haldinn 17. október nk. í húsnæði Íslandsbanka í Norðurtorni í Kópavogi.

5. Erindi frá Guðrúnu Ragnarsdóttur og Rakel Sveinsdóttur

Vísað er til síðustu fundargerðar varðandi innsent erindi frá Guðrúnu Ragnarsdóttur og Rakel Sveinsdóttur þar sem þær óska eftir því að erindi sem þær sendu stjórn FKA 12. ágúst sl. verði gert að bókun í fundargerð stjórnarfundar frá 14. maí 2019. Að höfðu samráði við ráðgjafa á sviði góðra stjórnarháttu er niðurstaðan sú að ekki séu forsendur til að koma að bókun við fundargerð svo löngu eftir að fundur hefur verið haldinn. Það er þó niðurstaða stjórnar að þrátt fyrir að erindi Guðrúnar og Rakelar hafi komið afar seint fram og að stjórnarkonur séu efnislega ósammála því, sé rétt að taka við erindinu og setja það við viðkomandi fundargerð sem viðauka.

6. Samstarfssamningar

Rætt var um tækifæri til samstarfs við fyrirtæki sem vilja gjarnan leggja FKA til verðmæti í formi aðstöðu og aðgangs að sérfræðingum. HRÁ hefur verið í sambandi við nokkur fyrirtæki sem hafa áhuga á að koma til liðs við félagið með einhverjum hætti og verða haldnir fundir með þeim á næstunni.

7. Ráðning framkvæmdastjóra

HH vék af fundi undir þessum lið. Borist hafa ríflega 40 umsóknir um starf framkvæmdastjóra FKA. HRÁ átti fund með Hagvangi fyrr í dag þar sem farið var yfir umsóknir og nokkrir umsækjendur valdir í lokahóp sem borinn var undir stjórn á fundinum. Ákveðið að HRÁ taki viðtöl við umsækjendur með Hagvangi á næstu dögum. Farið var yfir tímalínu viðtala og mögulega valkosti fyrir nýjan framkvæmdastjóra.

8. Önnur mál

a. Fjölmiðlaverkefnið

Danielle hefur óskað eftir því að verða leyst undan stýringu fjölmiðlaverkefnisins vegna anna. Ákveðið að leita að nýjum aðila til að taka við verkefninu.

b. FKA viðurkenningarhátíðin

Undirbúningur fyrir FKA viðurkenningarhátíðina fer brátt í gang. Ákveðið að ÁG hafi umsjón fyrir hönd stjórnar með hátíðinni í samstarfi við framkvæmdastjóra.

Fundi sliti kl. 13:00.

Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum